

## Fundargerð 14. stjórnarfundar

### Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: stofa 257 Langholt, VRÍI, HÍ.

Tími: 25. mars. 2014 kl. 09:00

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) Jónas Elíasson (JE) og Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS).

Fjarverandi: Dagur Jónsson (DJ)

#### Dagskrá:

1. Fundargerð 13. Stjórnarfundar.
  2. Undirbúningur aðalfundar
  3. Uppfærsla flóðahandbókar
  4. Önnur mál
- 

#### 1. Fundargerð 13. stjórnarfundar

Fundargerð 13. Stjórnarfundar VAFRÍ 24. september 2013 var samþykkt.

#### 2. Undirbúningur aðalfundar VAFRÍ

Tvö erindi verða haldin:

Sveinn Þórólfsson: Orka í vatns- og fráveitum

Reynir Sævarsson: Hreinsun frárennslis á köldum svæðum.

Aðalfundarstörf VAFRÍ verða í framhaldinu.

#### 3. Uppfærsla flóðahandbókar

Tveimur rannsóknarverkefnum á fráveitusviðinu er lokið, þau heita Flóðahandbók og Nýtt M5 kort. Vegagerðin styrkti verkefnið á lokaspættinum. Gögnin eru geymd á [http://www.vafri.hi.is/?page\\_id=405](http://www.vafri.hi.is/?page_id=405) til frjálsra afnota fyrir alla hagsmunaaðila, t.d. hönnuði. Áhersla verkefnisins var á vegræshönnun þjóðvega. Engar uppfærslur voru gerðar á sérkortum sveitarfélaga, hvorki á M5-gildum né varandareglur þeirra. Til þessa verks eru nýjar mælingar til í dag, umfram það sem til var 1994. Eftirfarandi var samþykkt:

1. VAFRÍ hvetur til að stofnuð verði nefnd hagsmunaaðila sem stuðlar að gerð hönnunarforsendna fyrir regnvatnslagnir og aðrar fráveitur í samvinnu við VFÍ. Þar verði unnið úr þeim mælingum sem liggja fyrir og nýjar skipulagðar eins og nefndin telur þörf á. Bent skal á sambærilegt starf í nágrannalöndunum t.d. dönsku Spildevandskomiteen. <http://ida.dk/content/spildevandskomiteen>.

2. Starfi nefndarinnar mætti hefja með ráðstefnu um úrvinnslu á úrkomumælingum og gerð hönnunargagna og helstu sérfræðingum og hagsmunaaðilum boðin þáttaka.

Til að hleypa þessu máli af stökkunum var rætt um að boða til undirbúningsfundar með VAFRÍ, Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga, Samorku, Verkfræðideild H.Í, VFÍ, Veðurstofu, Vegagerðinni og Landsvirkjun og hugsanlega fleirum sem hafa lagt þessum málum lið og vilja gera það áfram.

#### **4. Önnur mál**

Sigurbjörn Búi mun rita minnisblað um haustferðina til Akraness þar sem vatns- og fráveitan var skoðuð. Minnisblaðið verði birt á Vefsíðu VAFRÍ.

Íris mun vinna í innheimtumálum og skila fjölda félaga fyrir aðalfund.

Fundi var lokið um kl.11:05

Næsti fundur var ekki ákveðinn.

Fundarritari: Sigurbjörn Búi Sigurðsson , [sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is](mailto:sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is)